

Sp. 227. Tillaga til þingsályktunar
um slysaftryggingu íþróttamanna.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til þess að undirbúa setningu lagaákvæða um slysaftryggingu íþróttamanna. Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu Íþróttasambands Íslands og annar samkvæmt tilnefningu Tryggingarstofnunar ríkisins.

Nefndin skal hafa skilað álit og tillögum til ríkisstjórnarinnar fyrir 15. febrúar 1944. Nefndarmenn taka engin laun fyrir störf sín.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi miðar að því, að sett verði í lög ákvæði um slysaftryggingu íþróttamanna. Til setningar slíkra lagaákvæða ber brýna nauðsyn. Íþróttamenn búa í þessum efnum við mikið öryggisleysi. Þeir verða víðast hvar á landinu að búa við það ástand, að ef þeir hljóta meiðsl, stór eða lítil, fá þeir engar bætur, hvorki fyrir áverka sinn né atvinnutjón, er af því kann að leiða. Knattspyrnumaður, sem fótbrotnar í kappleik eða á æfingu, fær t. d. engar slysabætur, og þótt hann liggi marga mánuði á sjúkrahúsi, verður hann að kosta leguna sjálfur, og bætur fyrir atvinnumissi hlýtur hann engar. Úr þessu verður að bæta. Þjóðfélagið hvetur ungt fólk til íþróttaiðkana, því ber þess vegna að tryggja öryggi þeirra, sem fyrir óhöpp slasast eða meiðast við íþróttaiðkanir.

Íþróttamenn í Reykjavík hafa reynt að létta byrði þeirra Reykvíkinga, er fyrir slíkum óhöppum verða. Þeir hafa stofnað svo kallaðan slysasjóð íþróttamanna í Reykjavík. Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalítla íþróttamenn, sem slasast eða meiðast við íþróttæfingar, á íþróttasýningum eða kappmótum svo mikið, að þeir verði óvinnufærir um lengri eða skemmri tíma. En sjóður þessi hefur lítið bolmagn til þess að sinna hlutverki sínu, auk þess sem hann nær aðeins til íþróttamanna í Reykjavík. Tekjur hans eru rýrar, 5% af óskiptum inngangseyri að öllum íþróttasýningum, kappleikjum og íþróttamótum, sem háð eru í Reykjavík. Mun sjóðurinn nú nema rúmum 9 þús. kr., og er auðsætt, að sú upphæð hrekkur skammt til stuðnings þeim íþróttamönnum, er kunna að verða fyrir atvinnumissi vegna slysa eða meiðsla. Reynslan hefur og orðið sú, að þegar slík óhöpp hendir, hafa félagar innan viðkomandi íþróttafélaga oft hafið samskot fyrir þann, sem fyrir óhappinu varð. Enda þótt til slíkra samskota sé stofnað af góðum hug og drengilegum vilja til þess að verða hágstöddum félaga að liði, hlýtur árangur þeirra að verða misjafn og ná skammt til aðstoðarinnar, því að ekki hafa allir af miklu að taka.

Flm. þessarar þingsályktunartillögu vilja, að úr þessu öryggisleysi íþróttamanna verði bætt. Næst sanni væri, að ákvæði um slysatryggingu íþróttamanna yrðu tekin upp í lögum um alþýðutryggingar. Það verður hlutverk nefndar þeirrar, sem skipuð verður samkvæmt tillögunni, að gera sér þess grein, hvort það henti eða hvort einhver önnur leið sé heppilegri. Aðalatriði málsins er ekki, hvaða leið verður farin, heldur hitt, að markinu, auknu öryggi til handa þeirri æsku, sem hollar íþróttir stundar, verði náð.

Flm. hafa haft samráð við íþróttafulltrúa ríkisins og forseta Í. S. Í. um efni og flutning tillögu þessarar. En báðir þessir aðilar hafa á undanförunum árum fjallað mikið um þessi mál. Er það samhljóða álit þessara aðila, að úr því öryggisleysi verði að bæta, sem íslenzkir íþróttamenn húa nú við í þessum efnunum.